

Vegagerðin
Kjartan Elíasson
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2019
UST201905-091/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Drög að matsáætlun - Dýpkun Landeyjahafnar.
Umsögn

Vísað er til bréfs VSÓ Ráðgjafar dags. 10. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög að matsáætlun. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drögin:

Í lið 4.4. er tilgreint hvaða upplýsingar um framkvæmdina munu koma fram í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun telur að einnig ætti að koma fram:

- Hvað þegar er búið að losa mikið af efni á hverju losunarsvæði fyrir sig.
- Hvernig því efni sem fyrirhugað er að losa samkvæmt áætlunum verður dreift yfir losunarsvæðin eða sameinað losunarsvæði (eftir því hvaða valkostur verður fyrir valinu).

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 3. nóvember 2010 um matsskyldu aukinnar losunar efnis í hafið vegna viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn var minnt á að á sínum tíma hefði verið mælst til þess að athugað yrði með færslu losunarsvæðis suðvestan við höfnina vegna nálaegðar við sæstrengi milli lands og Eyja og þar að auki kom fram í tilkynningu um framkvæmdina að vatnslögn til Vestmannaeyja liggi næst svæðinu eða um 470 m frá vesturmörkum þess. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um staðsetningu þessara mannvirkja og hvort einhverra áhrifa gæti frá varpi dýpkunarefna í hafið.

Auk þessa telur Umhverfisstofnun mikilvægt að við umfjöllun um dýpkunarframkvæmdina og áhrif hennar verði tekið mið af þeim upplýsingum sem skila skal inn til stofnunarinnar vegna umsóknar um leyfi til varps í hafið, sbr. viðauka I og II við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur